

## 175. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fundurinn var haldinn á Teams mánudaginn 7. mars 2022 kl: 16:00

Mætt voru Karitas Jónsdóttir, Steinunn I. Magnúsdóttir, Silja Eyrún Steingrímsdóttir, Ragnhildur Sigurðardóttir Trausti Gylfason og Auður Kjartansdóttir. Brynja Þorbjörnsdóttir boðaði forföll.

Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins sat fundinn og ritar fundargerð.

### Dagskrá

#### 1. Ársreikningur 2021

Ársreikningur fyrir árið 2021 unnin af KPMG var lagður fram ásamt staðfestingarbréfi stjórnenda dagsett 7. mars 2022.

#### 2. Málafni Steypustöðvarinnar í Borgarnesi- stöðvun starfsemi starfsmannabústaða

Lögð fram bréf Steypustöðvarinnar dagsett 21. febrúar 2022 og 28. febrúar 2022.

Málið var áður á dagskrá á fundum þann 13. desember 2021, 27. desember 2021 og 17. janúar og 8. febrúar 2022.

*Samkvæmt ákvörðun heilbrigðisnefndar á 174. fundi nefndarinnar, þann 8. febrúar sl. var að undangenginni ítarlegri málsmeðferð tekin endanleg ákvörðun um að starfsmannabústöðum að Engjaási 1 og Þórólfsstöðu 10a skyldi lokað, enda væri reksturinn án starfsleyfis og ekki uppfyllt skilyrði laga og reglugerða sem um slíkan rekstur gildir. Heilbrigðisnefnd veitti fyrirtækinu lokafrest til að rýma starfsmannabúðirnar eigi síðar en þann 1. mars 2022.*

*Engin ný gögn eða skýringar hafa borist nefndinni sem breyta efnislega forsendum ákvörðunarinnar og getur heilbrigðisnefnd ekki veitt frekari fresti í þessu skyni. Tekið skal fram að þótt Steypustöðin feli rekstur starfsmannabústaða öðru félagi þá breytir það því ekki að rekstur starfsmannabústaða að Þórólfsstöðu 10a og Engjaási 1 er án starfsleyfis og í andstöðu við lög.*

*Samkvæmt framangreindu er ítrekuð ákvörðun heilbrigðisnefndar frá 8. febrúar sl. um að starfsmannabúðum að Þórólfsstöðu 10a og Engjaási 1 skuli lokað og þær rýmdar eigi síðar en 1. mars 2022.*

Trausti Gylfason vék af fundi undir þessum lið.

### 3. Umsagnir

#### Umsagnir til sýslumanns

##### Tækisfærileyfi

- 3.1 Nemendafélag Fjölbrautaskóla Vesturlands, árshátíð nemendafélagsins haldin í húsnæði skólans 10. febrúar 2022.
- 3.2 Samkoma með matarveitingum í félagsheimilinu Lyngbrekku, Borgarbyggð haldin 20. apríl n.k.

#### Umsagnir til sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar um skipulagsmál

##### Skipulagsstofnun

- 3.3 Fyrirspurn Skipulagsstofnunar vegna matskyldu á framkvæmdum Orku náttúrunnar, í og við Andakílsárlón Skorradalshreppi, dagsett 13. janúar 2022. Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 11. febrúar 2022.
- 3.4 Fyrirspurnar Skipulagsstofnunar um matsáæltun Qair vegna Múla vindorkuvers frá 2. febrúar 2022. Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlitsins dagsett 22. febrúar 2022.

##### Borgarbyggð

- 3.5 Aðalskipulagsbreyting vegna Húsafells sunnan Þjóðvegjar. Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlitsins dagsett 3. mars 2022.
- 3.6 Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í Jötnagarði í landi Munaðarness. Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlitsins dagsett 7. mars 2022.

##### Kjósarhreppur

- 3.7 Deiliskipulagstillaga fyrir Sandslund í Kjósarhreppi. Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlitsins dagsett 1. mars 2022.

### 4. Starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út í umboði heilbrigðisnefndarinnar

- 4.1 Veiðifélagið Hreggnasi ehf, Veiðihúsið við Grímsá í Borgarbyggð. Nýtt leyfi fyrir gististað og mötuneyti með fullbúnu eldhúsi fyrir 17-50 manns. Leyfið gildir í 12 ár.
- 4.2 Samkaup hf. Krambúðin Garðabraut 1, Akranesi. Endurnýjað leyfi fyrir matvöruverslun. Leyfið gildir í 12 ár.
- 4.3 Hjúkrunarheimilið Fellsenda, Dalabyggð. Endurnýjað leyfi fyrir dvalar- og hjúkrunarheimili með mötuneyti með fullbúnu eldhúsi. Leyfið gildir í 12 ár.
- 4.4 Hvalfjarðarsveit, Félagsheimilið Miðgarður við Innnesveg. Leyfi fyrir samkomustað. Leyfið gildir í 12 ár.
- 4.5 Ístak hf. Katanesvegi Grundartanga, Hvalfjarðarsveit. Ótímabundið leyfi fyrir starfsemi mötuneytis starfsmanna Ístaks með móttökueldhúsi.
- 4.6 Grunn sv ehf. Kalmansvellir 3 Akranesi. Nýtt leyfi fyrir vélsmíða- og vélaviðgerðarverkstæði var auglýst á vefsvæði heilbrigðiseftirlitsins í 4 vikur. Engar athugasemdir bárust. Leyfið gildir í 12 ár.
- 4.7 Valentin Fels Camilleri, Smiðjuvellir 17, á Akranesi. - Brimir BJJ Academy. Nýtt leyfi fyrir aðstöðu til æfinga á „brasilísku Jiu Jitsu“. Leyfið gildir í 12 ár.

- 4.8 Ondulering ehf, Suðurgata 62, Akranesi. Nýtt leyfi fyrir starfsemi hársnyrtistofu. Leyfið gildir í 12 ár.
- 4.9 Lára Bogey Heilsunuddari, Smiðjuvöllum 17, Akranesi. Nýtt leyfi fyrir starfsemi nuddstofu. Leyfið gildir í 12 ár.
- 4.10 Karólína Hulda Guðmundsdóttir, Fitjum Skorradal. Endurnýjað leyfi fyrir smáframleiðslu matvæla. Leyfið er ótímabundið.
- 4.11 Borgarbyggð. Grunnskóli Borgarness. Nýtt leyfi fyrir grunnskóla, mötuneyti og leikskvæði. Leyfið gildir í 12 ár.

## 5. Fyrirkomulag vegna númerslausra bíla

Kynnt var nýtt fyrirkomulag vegna álímingu á bíla hjá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands. Heilbrigðiseftirlitið hefur í framhaldinu látið prenta nýja límmiða sem tekur mið af þessu fyrirkomulagi.

## 6. Tillaga um kaup eða leigu á rafmagnsbifreið

Framkvæmdastjóri leggur til að keypt verði eða leigð ein rafmagnsbifreið fyrir embættið. *Heilbrigðisnefnd samþykkir að fela framkvæmdastjóra að leigja rafmagnsbifreið í stað bensínbifreiðar í samræmi við framlögð gögn. Leigan felur ekki í sér aukin útgjöld í rekstri.*

## 7. Önnur mál

- a. Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands verður haldinn þann 16. mars að Hótel Hamri kl 11:15.  
*Samþykkt að heimila nefndarmönnum að sitja fundinn.*
- b. Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um útgáfu stafsleyfis fyrir Matfugl ehf. að Hurðarbaki. Starfsleyfi og gögn málsins má nálgast á vef stofnunarinnar.

Fundi slitið kl. 17:45